

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní 2007 í máli nr. E-336/2007:

Ásta Sigríður Ólafsdóttir

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

og Ingvari Júlíusi Helgasyni

(Hákon Árnason hrl.)

og Sigríði Gylfadóttur

(Gylfi Thorlacius hrl.)

til réttargæslu

Mál þetta var höfðað 10. janúar 2007.

Stefnandi er Ásta Sigríður Ólafsdóttir, Þrúðvangi 22, Hafnarfirði.

Stefndi er íslenska ríkið. Einnig er Ingvari Júlíusi Helgasyni, Álfaborgum 9, Reykjavík og Sigríði Gylfadóttur, Njálsgötu 19, Reykjavík stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda: Þess er aðallega krafist að viðurkennt verði með dómi að ættleiðing Helga Ingvarssonar, kt. [...], á stefnanda hafi öðlast gildi frá og með 23. mars 1988. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að stefndi beri fébótaábyrgð er nemur þeirri fjárhæð sem stefnandi hefði fengið í arf eftir Helga Ingvarsson, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 11.386.385 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði í heild vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til þrautavara krefst stefndi verulegrar lækkunar á þeirri skaðabótakröfu sem fram kemur í þrautavarakröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Réttargæslustefndu gera þær dómkröfur að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað.

Aðalkrafa stefnda var tekin til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um hana 29. f.m. Stefndi krefst þess að frávisunarkröfunni verði hafnað og að við efnisdóm verði tekið verði tillit til kostnaðar við þennan þátt málsins.

Með bréfi hæstaréttarlögmanns, dags. 25. mars 1988, til dómsmálaráðu neytisins fylgdi umsókn – með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs - Helga Ingvarssonar, Nesbala 32, Seltjarnarnesi um leyfi dómsmálaráðherra til að ættleiða Ástu Sigríði Ólafsdóttur, stefnanda máls þessa. Þar kemur fram að hún hafi dvalið á heimili umsækjanda í 12 ár og að eiginkona hans, Halldóra Guðrún Tryggvadóttir, móðir Ástu Sigríðar, hafi andast 15. janúar 1988; enn fremur að hann eigi einn dreng, Ingvar Júlíus, 13 ára. Með umsókninni fylgdi samþykki stefnanda fyrir ættleiðingunni – með undirritun 23. mars 1988 á þar til gerðu eyðublaði sem ber yfirskriftina: „Samþykki þess, sem ættleiða á, ef hann er 12 ára eða eldri“. Með undirrituninni var jafnframt staðfest að stefndi hefði kynnt sér efni ættleiðingar- og erfðalaga um réttaráhrif ættleiðingar. Neðst á eyðublaði þessu er prentað: „Hér með vottast, að samþykkjandi hefur staðfest samþykkisyfirlýsingu þessa í minni viðurvist og hefur honum verið kynnt efni ættleiðingar- og erfðalaga um réttaráhrif ættleiðingar.“ Þar undir er gert ráð fyrir dagsettri „undirskrift embættismanns“ sem ekki er til staðar.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. apríl 1988, til stefnanda sem sent var henni á heimili hennar og stjúpföður hennar, Helga Ingvarssonar, var henni kynnt að framangreind umsókn hefði borist ráðuneytinu. Af því tilefni var vakin athygli á því að samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 15/1978 væri nauðsynlegt að hún staðfesti samþykkisyfirlýsingu sína til ættleiðingarinnar fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins. Var henni bent á að panta til þess viðtalstíma við fyrsta hentugt tækifæri. Í stefnu segir að erindi þetta, sem sent hafi verið í almennum pósti, hafi aldrei borist til stefnanda og ekki hafi heldur verið gerður neinn reki að hálfu stefnda til að tryggja að henni væri kunnugt um efni bréfsins.

Helgi Ingvarsson lést 13. júlí 2005 og skyldi eftir sig soninn Ingvar Júlíus Helgason, kt. [...]. Eftirlifandi eiginkona hans, Sigríður Gylfadóttir, sem hann hafði kvænt árið 1989, fékk 2. mars 2006 leyfi sýslumannsins í Hafnarfirði til setu í óskiptu búi eftir hann.

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 20. september 2005, til lögmanns stefnanda er vísað til símbréfs hans til ráðuneytisins þar sem þess hafi

verið farið á leit að upplýst yrði hvort stefnandi hefi verið ættleidd. Samkvæmt gögnum ráðuneytisins hafi ættleiðingarleyfi vegna hennar ekki verið gefið út.

Í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 23. september 2005, til dóms- og kirkju málaráðuneytisins segir m.a. að stefnandi hafi talið sig hafa uppfyllt skilyrði til ættleiðingarinnar og talið sig vera ættleidda dóttur Helga Ingvarssonar í öll þau ár sem síðan séu liðin. Helgi sé nýlega dáinn og miklir hagsmunir í húfi fyrir stefnanda, bæði tilfinningalegir og fjárhagslegir. Þess er krafist að gefið verði út ættleiðingarleyfi vegna hennar og að það hafi réttaráhrif frá þeim tíma er um það var sótt. Framangreindir kröfu var hafnað með bréfi ráðuneytisins 3. október 2005. Með bréfi lögmanns stefnanda til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2005, var óskað eftir afstöðu þess til bótakröfu stefnanda sem muni nema þeirri fjárhæð sem hún hefði fengið úr dánarbúi Helga Ingvarssonar hefði ættleiðingin náð fram að ganga á sínum tíma; fyrir dyrum standi uppgjör á dánarbúi Helga og sé ljóst að stefnandi muni verða fyrir verulegu tjóni vegna handvamar ráðuneytisins. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendi ríkislögmanni málið til meðferðar með bréfi 15. nóvember 2005 þar sem jafnframt var tekið fram að ráðuneytið teldi að hafna bæri bótakröfunni. Í bréfi ríkislögmanns til lögmanns stefnanda, dags. 3. janúar 2006, er því lýst yfir að embætti hans sé sammála dómsmálaráðuneytinu varðandi afstöðu til bótakröfu stefnanda.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á meginreglum stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. þær óskráðu reglur um sama efni sem tilgreind lög séu reist á. Vísað er til leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, þeirrar viðtæku skyldu sem hvíli á stjórnvöldum að sjá til þess að mál séu nægjanlega vel upplýst svo og þess að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt sé. Við beitingu og skýringu þeirra ákvæða stjórnisýslulaga, sem lúti að framangreindu, beri að líta til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, Evrópuráðssamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, og 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. þágildandi 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Á því er byggt að telji dómurinn að ekki sé unnt að viðurkenna að ættleiðing Helga Ingvarssonar á stefnanda hafi öðlast gildi frá og með 23. mars 1988 hljóti það að leiða af reglum skaðabótaréttar að brot gegn skýrum reglum stjórnisýsluréttarins feli í sér að stefndi beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja varakröfu sína á þann hátt að viðurkennt verði með dómi, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að stefndi beri fébótaábyrgð er nemi þeirri fjárhæð sem stefnandi hefði fengið úr dánarbúi Helga Ingvarssonar. Dómkrafan sé sett fram með þessum hætti þar sem óljóst sé hver sú fjárhæð sé sem stefnandi hefði fengið úr dánarbúinu.

Þrautavarakrafa stefnanda tekur mið af þeim opinberu upplýsingum sem stefnandi kveðst hafa aflað sér um fjárhag dánarbúsins. Tekið sé m.a. mið af skatta- og útsvarsskrá Reykjanesumdæmis vegna ársins 2005, fasteignamati vegna Urðarhæðar 13, auglýsingum um nýtt fasteignamat, dags. 23. desember 2004 og 21. desember 2005, kaupsamningi vegna Urðarhæðar 13, dags. 3. mars 2006, og mati á dánarbúi Helga Ingvarssonar, dags. 29. desember 2006. Fundið er út að áætluð eign til skipta sé að virði 68.318.308 krónur, hjúskapareign Helga Ingvarssonar

34.159.154 krónur, arfshlutur barna 22.772.769 krónur og þrautavarakrafa því 11. 386.385 krónur.

Frávísunarrök stefnda:

A) Um aðalkröfu stefnanda.

Stefnandi eigi ekki aðild að kröfunni því að Helgi Ingvarsson hafi sótt um að ættleiða stefnanda þó svo að samþykki hennar væri áskilið. Dómstólar hafi ekki vald til að dæma sakarefnið, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 og 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins. Í kröfugerðinni felist í raun krafa um að dómstóll gefi út ættleiðingarleyfi eða komi á því réttarástandi frá 23. mars 1988. Þá bendir stefndi á að stefnandi hafi þurft að stefna þeim aðilum, sem hann stefndi til réttargæslu, beint til að þola dóm. Að mati stefnda er ekki fullnægt skilyrðum 25. gr. laga nr. 91/1991 og að auki sé krafan óskýr og vanreifuð og ekki í samræmi við d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

B) Um varakröfu stefnanda.

Krafan byggir á óljósum atriðum og útilokað sé að hún geti endurspeglað dómsorð í málinu. Engin leið sé fyrir stefnda að finna út úr því hvað stefnandi hefði fengið í arf. Ekki sé fullnægt skilyrðum 25. gr. laga nr. 91/1991 og að auki sé krafan óskýr og vanreifuð og ekki í samræmi við d- og e- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

C) Umþrautavarakröfu stefnanda.

Ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn og upplýsingar til að styðja það mat sem liggi fyrir í málinu og er því mótmælt sem óljósu, ósönnuðu og of háu. Stefndi telur kröfuna vera óskýra og vanreifaða og ekki í samræmi við d-, e- og g- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Ættleiðingarlög nr. 15/1978 giltu á þeim tíma sem um ræðir í málinu eða allt til þess er lög nr. 130/1999 leystu þau af hólmi. Í 1. gr. þeirra sagði að dómsmálaráðherra veitti leyfi til ættleiðingar. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skyldi samþykki til ættleiðingar gefið skriflega og viðkomandi staðfesta yfirlýsingu fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða öðrum opinberum starfsmanni eða stofnun sem dómsmálaráðuneytið löggilti til þess. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skyldi rita á samþykkisyfirlýsingu vottorð starfsmanns dómsmálaráðuneytisins eða annars opinbers starfsmanns eða starfsmanns stofnunar, sbr. 1. mgr., þess efnis að viðkomandi hefði fengið fræðslu um lagaáhrif ættleiðingar og samþykkisyfirlýsingar.

Ljóst er og viðurkennt af stefnanda að leyfi til handa Helga Ingvarssyni til að ættleiða stefnanda var ekki gefið út enda lá ekki fyrir samþykki hennar sem fullnægði áskilnaði 10. gr. ættleiðingarlaga. Engu að síður er aðalkrafa stefnanda sú að viðurkennt verði með dómi að ættleiðing Helga Ingvarssonar á stefnanda hafi

öðlast gildi frá og með 23. mars 1988 er hún undirritaði samþykkisyfirlýsingu til ættleiðingarinnar eins og fyrr greinir. Slík viðurkenning felur í sér að dómurinn komi í stað dómsmálaráðherra með því að koma á því réttarástandi sem í ættleiðingarleyfi felst en það er ekki á valdsviði dómstóla. Ber því að vísa aðalkröfu stefnanda frá dómi sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Til þess að unnt sé að viðurkenna með dómi fébóta- (skaðabóta-) ábyrgð þarf ekki einungis að liggja fyrir sönnun um skaðabótaskyldan verknað eða athafnaleysi eins og háttar um varakröfu stefnanda heldur þarf að sýna með óyggjandi hætti fram á tjón sem til þessa verði rakið. Svo er ekki í þessu tilviki. Engin skattframtöl hafa verið lögð fram og ekki heldur gögn sem sýni ótvírátt tilheyrslu og verðmæti eigna. Fallist er á að krafan byggji á óljósum atriðum og að ekki sé tæk niðurstaða að hún verði tekin upp sem dómsorð. Samkvæmt þessu og með vísun til 25. gr. og d- og e- liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 ber að vísa varakröfu stefnanda frá dómi.

Forsendur, sem fengnar eru til útreiknings þrautavarakröfu stefnanda, eru mjög óljósar. Til marks um það er mat sem Sigurgeir Tryggvason vann fyrir stefnanda einhliða í tengslum við málarekstur þennan en matsgerð er dagsett 29. desember 2006. Þar segir m.a.: „Í tilfalli Helga Ingvarssonar er þekkt að dánarbúið átti í það minnsta tvær fasteignir, annars vegar einbýlishús að Urðarhæð 13 í Garðabæ og hins vegar einbýlishús á Spáni sem keypt var í byrjun árs 2001 þó svo að eignin kynni að hafa verið skráð undir félagi í eigu Helga. Einnig er vitað að meðal eigna í búinu voru hlutabréf í Kaupþingi banka og Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans auk óskráðra hlutabréfa, sbr. leyfi til setu í óskiptu búi.“ Fallist er á það með stefnda að krafa þessi sé óskýr og vanreifud. Hún er ekki í samræmi við d- og e- liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og ber því að vísa henni frá dómi. Að auki skal fram tekið ex officio: Ekki verður séð að komið gæti til þess að fallist yrði á þrautavarakröfu stefnanda eftir að sýknað hefði verið af varakröfunni þar sem í þeirri niðurstöðu fælist að ekki væri sýnt fram á að grundvöllur fébótaábyrgðar væri fyrir hendi, sbr. einnig það, sem segir í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að leita má viðurkenningardóms þótt þess í stað væri unnt að leita dóms sem mætti fullnægja með aðför. Í þessu tilliti skiptir rökræn innbyrðis röðun krafanna því meginmáli. Einnig af þessari ástæðu verður talið að vísa beri málinu frá dómi.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða úrskurðarins sú að vísa beri málinu í heild frá dómi og tekur það einnig til þeirra málskostnaðarkrafna sem fram hafa verið settar af hálfu réttargæslustefndu.

Eftir atvikum er ákveðið að málskostnaður skuli falla niður.

Sigurður H. Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður H. Stefánsson.